

Forsendur- og helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2008

Skatttekjur, útsvarsprósenta 2008, 13,03 %.

Útsvarstekjur á árinu 2008 munu lækka töluvert þar sem útsvarstekjur vegna starfsmannþorpsins á Haga nýtur ekki lengur við á árinu 2008. Miðað við útkomuspá ársins 2007 munu útsvarstekjur dragast saman um 803 millj. kr. á árinu 2008. Áætlaðar útsvarstekjur ársins 2008 eru áætlaðar samtals 1.550 millj. kr. og miðast áætlunin við að reiknaður útsvarsgrunnur sveitarfélagsins hækki um 6%.

Fasteignaskattar:

Við gerð áætlunar er gert ráð fyrir eftirfarandi álagsprósentum:

Fasteignaskattur A:	0,35 % af fasteignamati og lóðarmati.
Fasteignaskattur B:	1,32 % af fasteignamati og lóðarmati.
Fasteignaskattur C:	1,00% af fasteignamati og lóðarmati.
Lóðarleiga:	0,75% af lóðarhlutamati.

Miðað er við 10% hækkun á fasteignamati og 5% í fjölgun eigna á árinu 2008. Heildar hækkun tekna á árinu 2008 vegna ofangreindra liða er áætluð 7,2 millj. kr.

Jöfnunarsjóður:

Tekjur frá jöfnunarsjóði eru nokkuð svipaðar og frá árinu 2007. Gert er ráð fyrir að framlag vegna jöfnunar á fasteignaskatti verði um 137,5 millj. kr og rekstrarframlag 16,8 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir 41,5 milljóna kr. framlagi vegna sameiningarverkefna og 72,8 milljónum kr. í skuldajöfnunarframlag. Fjarðabyggð mun ekki njóta útgjaldajöfnunarframlags á árinu 2008 þar sem útsvarstekjur er ofan viðmiðunarmarka.

Aðrar tekjur

Þjónustugjöld hækka um 5,2% 1.janúar 2008, en það er verðlagsbreyting frá nóvember 2006 til nóvember 2007.

Laun og launatengd gjöld:

Utan sérstakra ákvarðana um viðbótarstörf er gert ráð fyrir almennri 3 % hækkun launa. Sérstak tillit er tekið til hækkana á kennara- og leiðbeinendalaunum um 1.launaflokk 1.mars 2008 skv. kjarasamningi grunnskólakennara og er sú viðbót metin um 3% umfram almennar launahækkanir.

Almennir rekstrarliðir.

Hækkun á almennum rekstrarliðum er reiknuð 2,5%. Þá hækkar innri-húsaleiga töluvert frá árinu 2007 vegna mikillar uppbyggingar og leiðréttinga sem gerð var við sameiningasveitarfélag á stofnverði eigna.

Fjármagnsliðir.

Verðlags- og gengisbreytingar lána ársins 2008 eru áætlaðar 2,5 %. Miðað er við verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands og miðast gengisbreytingar við veikingu krónunnar á næsta ári um 2,5 – 3,0% sem nemur verðbólgu mismun Íslands og helstu viðskiptalanda.

Álagning í B hluta.

Vatnsskattur: 0,27% af fasteignamati.
Holræsagjald: 0,25 % af fasteignamati.
Sorphreinsunargjald: 9.354 kr. á tunnu.

Sorpeyðingargjald: 8.052 kr. á tunnu.

Helstu niðurstöður A- hluta:

Rekstur:

Rekstrarafgangur án fjármagnsliða er áætlaður 80,5 m.kr.
Rekstrartekjur eru áætlaðar 2.708,8 millj.kr.
Rekstrargjöld eru áætluð 2.628,3 millj.kr.
Fjármagnsgjöld eru áætluð 185,3 millj.kr.
Veltufé frá rekstri er áætlað 190,5 millj.kr.
Afborganir af lánum er 205,8 millj. kr.
Langtímalántökur eru áætlaðar 226,7 millj. kr.
Fjárfestingar eru áætlaðar 292,5 millj. kr.

Veltufjárhlutfall er 1,93
Eiginfjárhlutfall er 0,22

Efnahagur:

Fastafjármunir A-hluta eru áætlaðir 4.481,2 millj. kr.
Veltufjármunir eru áætlaðir 1.499,7 millj. kr.

Eigið fé A-hluta er áætlað 1.337,1 millj.kr
Skuldir við lánastofnanir eru áætlaðar 2.796,9 millj.kr.

Helstu niðurstöður samstæðu A- og B hluta:

Rekstur:

Rekstrarafgangur A- og B hluta án fjármagnsliða er áætlaður 425,9 millj. kr.
Rekstrartekjur eru áætlaðar 3.716,4 millj. kr.
Rekstrargjöld eru áætluð 3.290,5 millj.kr.
Fjármagnsgjöld eru áætluð 388,2 millj. kr.
Veltufé frá rekstri er áætlað 411,5 millj.kr.
Afborganir af lánum er 431,8 millj. kr. Þar af 75,4 vegna sölu á félagslegu húsnæði.
Langtímalántökur eru áætlaðar 330,1 millj. kr.
Skammtímalántökur eru áætlaðar 143,8 millj. kr.

Efnahagur:

Fastafjármunir eru áætlaðir 7.495,3 millj. kr.
Veltufjármunir eru áætlaðir 1.002,8 millj. kr.

Eigið fé er áætlað 1.552,3 millj. kr.
Langtímaskuldir eru áætlaðar 4.868,2 millj.kr.

Veltufjárhlutfall er 1,06
Eiginfjárhlutfall er 0,18